

REGLUR UM VAL OG ÚTNEFNINGU HEIÐURSBORGARA SVEITARFÉLAGSINS ÁRBORGAR

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar er heimilt, með einróma samþykkt, að útnefna sérstakan heiðursborgara Sveitarfélagsins Árborgar.

2. gr.

Bæjarstjórn getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara sveitarfélagsins.

3. gr.

Við útnefningu skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi einstaklings í þágu sveitarfélagsins og/eða afrekum í þágu lands og þjóðar. Meðal annars skal horfa til þess að viðkomandi einstaklingur hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið, störf og framganga hafi verið til fyrirmyndar og til eftirbreytni og að viðkomandi hafi stuðlað að jákvæðri ímynd sveitarfélagsins.

4. gr.

Bæjarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.

5. gr.

Bæjarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.

6. gr.

Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða stórafmæli viðkomandi.

7. gr.

Heiðursborgari fær viðurkenningu til staðfestingar nafnbótinni. Á skjalinu kemur fram nafn viðkomandi, dagsetning fundar bæjarstjórnar þar sem ákvörðun er tekin á, undirritun allrar bæjarstjórnarfulltrúa og bæjarstjóra.

8. gr.

Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Sveitarfélaginu Árborg sem slíkur.

9. gr.

Sveitarfélagið Árborg hefur eftirfarandi skyldur/heimild gagnvart heiðursborgara:

- a) Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum sveitarfélagsins.
- b) Heldur nafni/nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.

10. gr.

Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverjir sátu þá í bæjarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, 19. nóvember 2025